

## AUGLÝSING

### um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2009.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármálaráðuneytið árlega innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2009 verður 24,1%. Meðalútsvar á árinu 2009 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 13,1%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2009 verður því 37,2%.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2008.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2008